

## 4. stjórnarfundur LH 14. febrúar 2013

### Fundur haldinn á Selfossi

**Mætt eru:** Haraldur Þórarinnsson (HP), Oddur Hafsteinsson (OH), Sigurður Ævarsson (SÆ), Þorvarður Helgason (ÞH), Stefán Ármannsson (SÁ), Helga B. Helgadóttir (HBH), Andrea Þorvaldsdóttir (AP)

Gestur : Viðar Sigurjónsson ÍSÍ

#### 1. Fundargerð 3. stjórnarfundar LH

Samþykkt

#### 2. Heimsókn á hestabraut FSU

Freyja Hilmarsdóttir og Sigríður Pétursdóttir tóku á móti stjórn og kyntu starfssemi hestabrautar FSU. Viðar Sigurjónsson kynnti þjálfunarstig ÍSÍ.

Rætt um hvernig meigi fella þrjú fyrstu stigin inn í nám FSU. Þá var rætt hvernig LH gæti boðið upp á nám í þrem fyrstu stigunum í samstarfi við hestamannafélögin.

Stjórn ræddi mikilvægi þess að skilgreina og samræma nám í hestamennsku í samræmi við niðurstöður landsþings 2012.

#### 3. Erindisbréf nýrra nefnda

Stjórn fór yfir erindisbréf Öryggisnefndar, Kostnaðarnefndar og Markaðs- og kynningarnefndar LH. Vísað til næsta fundar.

#### 4. Bréf frá Æskan og hesturinn

Bréf frá Æskan og hesturinn var lagt fyrir stjórn. Í bréfinu var ósk um styrk til verkefnisins. Stórn LH hafði vísað erindinu til Æskulíðsnefndar, sem lagði til styrk.

Stjórn samþykkti að styrkja verkefnið um 60 þús.

#### 5. Undanþága vegna aldurstakmarka í barnaflokki 10 – 13 ára.

Bréf frá foreldrum Védísar Huld Sigurðardóttir þar sem óskað er eftir undanþágu fyrir hana til þess að keppa í barnaflokki á árinu 2013. Stjórnin hefur vísað erindinu æskulýðs og keppnisnefndar. Beðið er eftir svörum frá nefndunum og erindinu vísað til næsta stjórnarfundar.

#### 6. Eiðfaxi - Hlutfé Eiðfaxes í eigu LH hefur verið afskrifað en Eiðfaxi hefur átt í rekstrarörðugleikum.

#### 7. Spurningar til stjórnsmálaflokkanna

Stjórn mun senda spurningar á alla stjórnsmálaflokka sem munu fara fram á Landsvísu. HP ásamt skrifstofu mun halda utan verkefnið.

#### 8. Heiðmörk, útivist og vatnsvernd

Stjórn LH lýsir yfir fullum stuðningi við hestamannafélögin á stór Reykjavíkursvæðinu hvað varðar verndum útivistarsvæði hestamanna í Heiðmörk. Stjórn LH hvetur hestamannafélögin til að standa vörð um umferðar rétt hestamanna á sínum svæðum.

#### 9. Stuðningsyfirlýsingar

Samþykkt að senda hestamannafélögunum á stór Reykjavíkursvæðinu stuðningsyfirlýsingu í þeirra varáttu í kringum Heiðmörk. Yfirlýsingu til mennta- og menningarmálaráðherra vegna hestabrautar FSU. Gefa út yfirlýsingu í kjölfar niðurstöðu úr „Klár í keppni“ á LM,

2011, 2012, og Íslandsmóts fullorðinna 2012. Hafa skal niðurstöðum Velferðarnefndar LH um þessi mál til hliðsjónar.

LH ræði skoðun hrossa í keppni við MAST.

**10. Samningur um Íslandsmót.**

Uppkast af samningi rætt og Sigurði Ævarssyni, Oddi Hafsteinssyni og Stefáni Ármannssyni falið að leggja drög að samningi fyrir næsta stjórnarfund LH. Fram komi í þeim samningi m.a. fastar dagsetningar á Íslandsmótin.

**11. Málefni skrifstofu.**

Málefni skrifstofu rædd. HP vinni þau mál áfram.

*Fleira ekki fært til bókar  
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*